

Ekki þykja efni til að verða við kröfu kærða um sundurliðun á gæsluvarðhaldstímanum.

Brot þau, sem kærði er grunaður um, geta varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt XVII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldi því ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Jóhannes Ólafsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 5. desember nk., kl. 1700.

Föstudaginn 14. september 1979.

Nr. 165/1979. Ákærvaldið

gegn

Eyjólfí Erni Jóhannssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 7. þ. m., sem barst Hæstarétti 11. s. m. Krefst hann þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði verulega stytur.

Af hálfu ríkissaksóknara er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum

6. september 1979.

Ár 1979, fimmtudaginn 6. september, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

MÁLSATVIK.

Um kl. 1330 sl. þriðjudag handtók lögreglan í Reykjavík Sigurð Pál Sverrisson, fæddan 22. nóvember 1952, til heimilis að Stigahlið 32 hér í borg, grunaðan um fíkniefnamisferli.

Nefndur Sigurður viðurkenndi hjá lögreglu og hér fyrir dómi að hafa skömmu eftir 17. júní sl. og næstu 3 vikur þar á eftir af Kristjáni Eggert Gunnarssyni, fæddum 27. ágúst 1954, til heimilis að Kvisthaga 27, keypt samtals um 500 gr af marihuana og endurselt að mestu ýmsum nafngreindum aðiljum.

Nærri miðjum júlí sl. hafi nefndur Kristján Eggert kynnt Sigurð Pál fyrir Eyjólfí Erni Jóhannssyni með framhaldandi fíkniefnaviðskipti í huga. Um viku síðar hafi Sigurður Páll tekið að kaupa marihuana af nefndum Eyjólfí og í mörgum afhendingum næstu þrjár vikur samtals þannig af honum keypt tæp 500 gr af marihuana og endurselt að mestu ýmsum nafngreindum aðiljum. Sigurður Páll taldi sig snemma á nefndu viðskiptatímabili hafa við eitt og sama tækifæri séð í fórum Eyjólfss Jóhannssonar um 1 kg af marihuana og vita, að frá nefndum Eyjólfí hefði einnig verið komið það marihuana, er Kristján Gunnarsson samkvæmt ofansögðu áður seldi Sigurði Páli.

Nefndur Kristján Gunnarsson var handtekinn aðfaranótt gær dags, og fannst þá við húsleit að heimili hans nokkurt magn af marihuana.

Kristján Gunnarsson lýsti í lögregluyfirheyrslu og hér fyrir dómi kynnum af fyrrnefndum Eyjólfí Jóhannssyni nærri sl. jólum og að hafa skömmu síðar í hans fórum séð um 8 gr af amfetamíndufti og nokkrar töflur af dextedrin.

Í lok febrúar sl. eða byrjun mars hafi nefndur Eyjólfur, þá nýkominn frá Bandaríkjunum, tekið að afhenda Kristjáni E. Gunnarssyni marihuana til endursölu og samtals mjög nærri 800 gr á þriggja vikna tímabili.

Næst hafi nefndur Eyjólfur komið hingað til lands frá Bandaríkjunum í apríl-maí sl. og á næstu 4—5 vikum þar á eftir sam-

tals til endursölu afhent Kristjáni Gunnarssyni mjög nærri 1500 gr af marihuana.

Skömmu fyrir 15. júlí sl. hafi margnefndur Eyjólfur enn haft samband við Kristján Gunnarsson og sagst nýkominn frá Bandaríkjunum og eiga þaðan von á 2 kg af marihuana. Nefndur Kristján hafi þá sjálfur verið á förum til Bandaríkjanna og því hafnað frekari kaupum, en komið á viðskiptasambandi milli Eyjólfss Jóhannssonar og Sigurðar Páls Sverrissonar. Hafi sá síðarnefndi líklega af Jóhanni keypt samtals um 300 gr af marihuana.

Loks kvaðst Kristján Gunnarsson um sl. helgi hafa frá Eyjólfí Jóhannssyni mótttekið um 200 gr af marihuana gegn gjaldfresti, en lögregla fundið þau efni við ofangreinda húsleit að Kvisthaga 27.

Bæði Sigurði Páli Sverrissyni og Kristjáni Gunnarssyni ofangreindum ber saman um, að margnefndur Eyjólfur Jóhannsson hafi í flestum tilvikum varðveitt fíkniefni í íbúð að Fálkagötu 3, Reykjavík, og afhent þaðan.

Margnefndur Eyjólfur var í gærkvöldi handtekinn á Sauðárkróki og færður hér fyrir dóm. Aðspurður kvaðst hann hvergi hafa nærri komið meðhöndlun svonefndra fíkniefna undanfarna mánuði.

Við eftirfarandi leit að Fálkagötu 3 fundust þrjú filmubox, eitt með meintu marihuana, annað með meintum fræjum af sömu gerð og hið þriðja með meintum hassefnaleifum.

Eyjólfur Jóhannsson staðfesti að hafa komið hingað til lands frá Bandaríkjunum um sl. jól, aftur í mars sl., enn í lok maí sl. og loks fyrri hluta júlí sl.

Verið er að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð 390/1974 og gæti því sök, ef sönnuð teldist, varðað fangelsisrefsingu. Eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki til fyrirstöðu beitingar gæsluvarðhalds í þágu rannsóknar, sem virðist á frumstigi, en geti orðið umfangsmikil.

Eyjólfur Jóhannsson er sjálfstætt borinn alvarlegum sökum af tveim aðiljum, og þykir því með vísan til ofanritaðs sem og 1. mgr. 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 nauðsyn til bera, að hann í þágu rannsóknar sæti gæsluvarðhaldi, er hæfilega þykir afmarkað sem allt að 30 dögum.

Úrskurðarorð:

Eyjólfur Örn Jóhannsson, fæddur 26. september 1954, til

heimilis að Fálkagötu 3, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 30 dögum.

Mánudaginn 24. september 1979.

Nr. 148/1979. Birgir Þorvaldsson

gegn

Ofnasmiðju Suðurlands h/f.

Kærumál. Málskostnaður í fógetaréttarmáli.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Sigurgeir Jónsson.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. júlí 1979, sem Hæstarétti barst 10. ágúst sl. Krefst hann sýknu af málskostnaðarkröfu varnaraðilja og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að kærumáli þessu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Í báðum tilvikum krefst hann kærumálskostnaðar.

Heimilt er að skjóta hinum kærða fógetaréttarúrskurði til Hæstaréttar skv. 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst 50.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Birgir Þorvaldsson, greiði varnaraðilja, Ofnasmiðju Suðurlands h/f, 50.000 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.